

**Nd.** **832. Breytingartillögur** [340. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, ÞP, FrS, HBl).

1. Á eftir 16. gr. frv. komi svohljóðandi ný grein og breytist töluröð annarra greina samkv. því:

48. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, orðist svo:

Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deidir eigi vera færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekk skólans, nema menntamálaráðuneytið heimili annað í samráði við viðkomandi skólayfirvöld.

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

2. 20. gr. frv. breytist svo, að í stað „2,4%“ komi: 1,2%.

3. 28. gr. frv. hljóði svo:

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka erlend lán á árinu 1984 að fjárhæð 680 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána til atvinnuvega.